

## 219. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 14. desember 2006 kl. 16.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP  
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB  
Ólafur Guðmundsson, ÓG  
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri EF  
Lárus Á. Hannesson, LÁH  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Davið Sveinsson, DS  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

Forseti bar upp afbrigði að 8. liður fundargerðar skipulags- og bygginganefndar dags. 12.12. 2006, verði tekin fyrir. Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

#### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 415, dags. 7.12.2006.

##### Liður 1. Fundargerðir nefnda.

##### Liður 1.2. Hafnarstjórn, dags. 20.11.2006.

Fundargerð framlögð, liður 1 flotbryggja Siglingaklúbbs Snæfells samþykkt að kaupa bryggjuna á kr. 2.000.000. Liður 5 a) samþykkt að sótt verði um styrk til Siglingastofnunar vegna kaupa á flotbryggju strax á næsta ári. Liður 5 b) samþykkt orðalagsbreyting á 19. grein um farþegagjöld í gjaldskrá Stykkishólmshafnar.

Fundargerð samþykkt. Til máls tóku: DS og EF

##### Liður 1.3. Æskulýðs- og íþróttanefnd, dags. 20.11.2006.

Fundargerð framlögð, liður 2 gjaldskrá sundlaugar

Gildir frá 1. janúar 2007

Fullorðnir 310 kr.

Börn 6-16 140 kr.

5 ára og yngri frítt

Ellilífeyrisþegar 140 kr. (með lögheimili utan Stykkishólms)

Öryrkjar 75% frítt

Leiga á handklæði 250 kr.

Leiga á sundfötum 250 kr.

Árskort í sundlaug 20.000 kr.

30 miða kort fullorðnir 5.000 kr.

10 miða kort fullorðnir 2.500 kr.

30 miða kort börn 2.500 kr.

10 miða kort börn 1.100 kr.

Einnota rakáhöld, body lotion o.fl. 100 kr.

gjaldskrá sundlaugar samþykkt. Fundargerð samþykkt. Til máls tóku: DS og EF

##### Liður 1.4. Framkvæmdanefnd ljósmyndasafns, dags. 21.11.2006.

Fundargerð framlögð, samþykkt að starfshlutfall bókavardar sé aukið í 100% vegna skráningu Ljósmyndasafnsins m.a. Fundargerð samþykkt. Til máls tóku: DS og EF

**Liður 2. Aðrar fundargerðir.**

**Liður 2.4. Stjórn Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga dags. 4.12.2006.**

Fundargerð framlögð. Samþykkt að stjórn FSS og forstöðumaður sé í stafshóp um málefni fatlaðra. Til máls tók: EF

**Liður 2.5. Fundargerð stjórnar- og aðalfundar Sjávarorku ehf. dags. 27.10.2006.**

Fundargerð framlögð. Samþykkt er að nýta ekki rétt til kaupa á auknu hlutfé í Sjávarorku ehf. Til máls tóku: DS, GDP og EF

**Liður 3. Lóðaumsóknir, umsóknir um lóðastækkun og skil á lóðum.**

**Liður 3.1. Þórarinn Sighvatsson f.h. Sumarbústaða ehf. óskar eftir að halda lóðum við Neskin nr. 3 og 5 til 27. desember 2007.**

Samþykkt að Sumarbústaðir ehf. haldi lóðunum Neskin nr. 3 og 5 í sex mánuði í viðbót. Til máls tóku: DS og GDP

**Liður 3.2. Þórarinn Sighvatsson f.h. Sumarbústaða ehf. óskar eftir því að skila inn lóð nr. 4 við Hjallatanga.**

Samþykkt að Stykkishólmsbær taki við lóðinni að Hjallatanga 4.

**Liður 3.3. Þórarinn Sighvatsson f.h. Sumarbústaða ehf. sækir um stækkun lóðar við Aðalgötu 28 eins og hægt er.**

Vísað er á fyrri afgreiðslu og bent er á að verið er að deiliskipuleggja svæðið.

**Liður 3.4. Páll Aðalsteinsson f.h. Stykkis ehf. sækir um lóð nr. 4 við Hjallatanga.**

Samþykkt að veita Stykki ehf. lóðina að Hjallatanga 4.

**Liður 3.5. Þorgrímur Vilbergsson sækir um lóð nr. 44 við Hjallatanga.**

Samþykkt að veita Þorgrími Vilbergssyni lóðina við Hjallatanga 44.

**Liður 3.6. Emil Þór Guðbjörnsson sækir um byggingareit B við Letisund.**

Byggingareitur B við Letisund er ekki til úthlutunar. Til máls tóku: GDP, LÁH, DS og ELB

**Liður 3.7. Kaupþing banki hf. sækir um reit K við Aðalgötu.**

Samþykkt að veita Kaupþing banki hf. lóðina á reit K við Aðalgötu. Með fyrirvara um að flutningi Jaðars verði lokið. Til máls tóku: GDP, LÁH, BA, EF og DS

**Liður 4. Opnun tilboða.**

**Liður 4.1. Tilboð opnuð vegna trygginga fyrir Stykkishólmsbæ þann 20.11.2006.**

Eftirfarandi tilboð bárust:

Frá VÍS	kr. 3.712.145
Frá Tryggingamiðstöðinni	kr. 2.902.452 auk ágóðahlutdeildar.
Frá Sjóvá	kr. 3.670.649

Samþykkt að taka tilboði Tryggingamiðstöðvarinnar. Til máls tóku: DS og EF  
**Liður 4.2. Tilboð opnuð vegna raforkukaupa fyrir Stykkishólmsbæ og Stykkishólmshöfn þann 20.11.2006.**

Eftirfarandi tilboð bárust:

Frá Orkuveitu Húsavíkur  
Frá Rarik  
Frá Orkuveitu Reykjavíkur

Samþykkt að taka lægsta tilboði frá Rarik. Gretar sat hjá vegna tengsla. Til máls tóku: EF, DS og LÁH

**Liður 5. Umsóknir um styrki.**

**Liður 5.1. Gísli Sveinn Gretarsson og Ísak Hilmarsson sækja um styrk f.h. nemenda í sögu FSN vegna fræðslu- og menningarferðar til Rómar, erindi dags. 27.11.2006.**

Bæjarstjórn sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni. Gretar sat hjá vegna tengsla.

**Liður 5.2. Hesteigendafélag Stykkishólms sækir um styrk til byggingar reiðskemmu, erindi dags. 4.12.2006.**

Með vísun í fyrri samþykktir um málið samþykkir Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að veita allt að 15 milljón króna styrk, að uppfylltum settum skilyrðum, til Hesteigendafélags Stykkishólms vegna byggingar reiðskemmu sbr. erindi HEFST dags. 04.12.2006.

Bæjarstjórn mun setja skilyrði og skilmála þegar fyrir liggur afgreiðsla Hestamannafélagsins Snæfellinga á erindum Hesteigendafélags Stykkishólms og Hesteigendafélags Grundarfjarðar varðandi styrkveitingu

Landbúnaðarráðuneytis til reiðhúsa. Til máls tóku: GDP, ELB, EF og LÁH

**Liður 5.3. Ungmannafélagið Snæfell sækir um aukinn beinan fjárstyrk, erindi dags. 21.11.2006.**

Samþykkt að styrkur Snæfells verði kr. 1.500.000 á árinu 2007.

**Liður 6. Reglugerð.**

**Liður 6.1. Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms.**

Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms samþykkt.

**Liður 7. Erindi til afgreiðslu.**

**Liður 7.1. Bréf frá Umsjónarnefnd um aðgerðir gegn minkum dags. 1.12.2006.**

Bæjarstjórn Stykkishólms er tilbúin að leggja til sömu upphæð til veiða á mink á meðan átaki við útrýmingu minks á Snæfellsnesi stendur og lagt hefur verið til veiða í Stykkishólmsbæ undanfarin ár. Bæjarstjórn er tilbúin til að haga greiðslum vegna minkaveiða eins og best hentar verkefninu á meðan á áttakinu stendur. Til máls tóku: ELB,DS,ÓG,BA og EF

**Liður 7.2. Bréf frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga dags. 13.11.2006 varðandi bættu þjónustu við fötluð börn á grunnskólaaldri.**

Samþykkt að fatlaðir nemendur fái samfellda heilsárs þjónustu í lengri viðveru.

**Liður 7.3. Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun.**

Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun samþykkt.

**Liður 7.4. Framkvæmdaáætlun Snæfellsness (frestað á bæjarráðsfundi 414).**

Bæjarstjóra falið að senda athugasemdir til Framkvæmdaráðs Snæfellsness vegna Framkvæmdaáætlunar Snæfellsness.

**Liður 7.5. Bréf frá Lánasjóði Sveitarfélaga dags. 14.11.2006 varðandi sameiningu eldri skuldabréfalána í einn lánssamning.**

Framlagt og bæjarstjóra falið að skrifa undir sameinaðan lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga, ekki er um nýja lántöku að ræða.

**Liður 7.6. Erindi frá Umhverfisstofnun vegna tilraunaverkefni um útrýmingu minks 2006-2009.**

Samþykkt að bæjarstjóri sjái um að tilnefna lykil veiðimann. Til máls tóku: EF,DS,ELB,GDP og LÁH

**Liður 9. Fjármál.**

**Liður 9.1. Útvarsprósentu og fasteignagjöld fyrir árið 2007.**

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um að útsvar fyrir árið 2007 verði óbreytt miðað við fyrra ár þ.e. 13.03%.

Tillaga að álagningu fasteignagjalda árið 2007.

Fasteignaskattur A-flokkur	0,43%
Fasteignaskattur B-flokkur	0,88%
Fasteignaskattur C-flokkur	1,65%

Lóðaleiga íbúðarhúsnæðis	2,00%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis	2,50%
Lóðarleiga ræktunarland	6,00%

Holræsagjald íbúðarhúsnæði	0,22%
Holræsagjald atvinnuhúsnæði	0,22%

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld pr. ílát/tunnu 21.000 kr.

Staðgreiðsluafsláttur 3% til þeirra sem greiða fyrir 1. mars 2007 öll fasteignagjöld og eru skuldlausir við bæjarsjóð og fyrirtæki bæjarins.

Sorphirðu og/eða sorpeyðingagjöld af fyrirtækjum verði innheimt skv. sérstakri gjaldskrá.

Fasteignaskattur verði felldur niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sem njóta fullrar tekjutryggingar og búa í eigin húsnæði. Þeir sem hafa skerta tekjutryggingu fá 50% afslátt af fasteignaskatti.

**Gjalddagar fasteignagjalda verða 5 talsins á tveggja mánaða fresti þ.e. febrúar, apríl, júní, ágúst, október, fyrst 1. febrúar 2007.**

Bæjarstjórn samþykkir tillögurnar samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og EF

Umfræða um fundargerð bæjarráðs og fundargerð samþykkt

**2. Fundargerðir nefnda.**

**2.1. Fræðslunefnd, dags. 6.11.2006.**

Fundargerð framlögð og samþykkt. Til máls tóku: DS, EF, GDP og ELB

**2.2. Hafnarstjórn, dags. 20.11.2006.**

Fundargerð samþykkt fyrr á fundinum.

**2.3. Æskulýðs- og íþróttanefnd, dags. 20.11.2006.**

Fundargerð samþykkt fyrr á fundinum.

**2.4. Framkvæmdanefnd ljósmyndasafns, dags. 21.11.2006.**

Fundargerð samþykkt fyrr á fundinum.

**2.5. Skólanefnd Tónlistarskólans, dags. 27.11.2006.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**2.6. Safna- og menningamálanefnd, dags. 5.12.2006.**

Fundargerð framlögð, punktar frá umræðufundi um framtíðarstaðsetningu Amtsbókasafns lagðir fram og fundargerð samþykkt.

**2.7. Umhverfisnefnd, dags. 27.11.2006.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**2.8. Stýrihópur Stykkishólshafnar, dags. 29.11.2006.**

Fundargerð framlögð og samþykkt. Til máls tóku: DS og GDP

**2.9. Hópur um málefni frístundabænda, dags. 28.11.2006.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**2.10. Skipulags- og bygginganefnd, dags. 12.12.2006.**

Fundargerð liður 8 framlagður, þar kemur fram tillaga að umferðareglum við Búðanesveg, Aðalgötu, Tjarnarás, Búðanes og Hjallatanga. Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi auglýsing um umferð í Stykkishólmi. Samkvæmt heimild í 81. gr. Umferðarlaga nr. 50/1987:

1. Stöðvunarskylda við Búðarnesveg gagnvart Aðalgötu.
2. Stöðvunarskylda við Tjarnarás gagnvart Aðalgötu.
3. Biðskylda við Tjarnarás gagnvart Búðanesvegi.
4. Biðskylda við Búðanes gagnvart Búðanesvegi.
5. Biðskylda við Hjallatanga gagnvart Búðanesvegi.
6. Biðskylda við Borgarhlíð gagnvart Borgarbraut.
7. Mörk 35 km hámarkshraða við Aðalgötu verði færður við Nýræktarveg.
8. Mörk 50 km hámarkshraða við Aðalgötu verði færður vestur að flugvallarafleggjara.

Allir tóku til máls.

**3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 fyrir Stykkishólmsbæ og stofnanir hans, seinni umræða.**

Bæjaritari fór yfir breytingar á fjárhagsáætluninni frá fyrri umræðu.

Tillaga vegna fjárhagsáætlunar.

Við undirrituð leggjum til að Stykkishólmsbær geri kröfu til olíufélaganna um bætur vegna samráðs þeirra undangengin ár.

Stykkishólmur er eitt af þeim bæjarfélögum sem nefnd eru í skýrslu um samráðsmál olíufélaganna og á því rétt á bótum samkvæmt dómi í máli Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum.

Við leggjum til að framlag til Ljósmyndasafns Stykkishólms verði 2,5 milljónir og fáist skaðabætur frá olíufélögunum renni það einnig til Ljósmyndasafns og Amtsbókasafns.

Davíð Sveinsson  
Lárus Á. Hannesson  
Berglind Axelsdóttir

Samþykkt að vísa tilögunni til næsta bæjarráðsfundar.

Nokkrar umræður urðu síðan, allir tóku til máls.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2007 síðan samþykkt samhljóða.

Forseti bæjarstjórnar þakkaði bæjarritara og stafsfolki bæjarskrifstofunnar fyrir vel unnin störf við vinnu á fjárhagsáætlun.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.  
Fundí slitið kl. 17:50  
Þór Örn Jónsson, bæjaritari.